



Air-King

Oyster, 40 mm, Oystersteel stál

**Air-King er með 40 mm
úrkassa úr Oystersteel
stál, Oyster keðju með
gegnheilum hlekkjum og
svarta skífu. Þetta úr
viðheldur arfleifð
upprunalega Oyster
úrsins í sögu flugsins.**



SVÖRT SKÍFA

Álestur tíma á ferðum

Air-King skífan er með einkennandi svarta skífu með samsetningu af stórum 3, 6 og 9 tölustöfum sem merkja klukkustundirnar og áberandi mínútuskala fyrir álestur tíma á ferðum.

Hún er með heitið Air-King með sömu áletrun og hönnuð var sérstaklega fyrir tegundina á 6. áratug síðustu aldar.




OYSTERSTEEL

Afar polið gegn ryði

Rolex notar Oystersteel í kössum stálúra sinna. Oystersteel er sérstaklega þróað af vörumerkinu og tilheyrir 904L stálfjölskyldunni, málmblöndum sem oftast eru notaðar í hátækni- og í geim- og efnaiðnaði þar sem hámarkspól gegn tæringu er nauðsynlegt.

Oystersteel er með mikið þol, býður upp á framúrskarandi áferð eftir slípun og viðheldur fegurð sinni jafnvel í erfiðustu umhverfum.



OYSTER KEÐJAN

Fullkomin samsetning forms og virkni

Oyster keðjan er fullkomin samsetning forms og virkni, fagurfræði og tækni. Hún er hönnuð til að vera bæði sterk og þægileg. Hún er með Oysterlock lás sem leggst saman og kemur í veg fyrir opnun fyrir slysni og þægilegum Easylink-stækkunarhleck sem fæst eingöngu hjá Rolex.

Þetta snjalla kerfi gerir notandanum kleift að lengja keðjuna um u.þ.b. 5 mm, sem veitir viðbótarþægindi við allar kringumstæður.



3230 GANGVERK

Einstök frammistaða

Nýja kynslóðin af Air-King er með verkgerð 3230, gangverki sem er hannað og framleitt af Rolex og gefið út árið 2020. Það fylgir með þessu úri frá 2022. Úrið jafnast á það besta sem er að gerast í úrsmíði. Þetta nýja sjálftrekkjandi gangverk býður upp á framúrskarandi afköst hvað varðar nákvæmni, hleðsluforða, þol gegn höggum og segulsviðum, þægindi og áreiðanleika.

Calibre 3230 er með Chronergy akkeri sem er skráð undir einkaleyfi og blandar saman mikilli orkunýtni og framúrskarandi áreiðanleika. Það er

gert úr nikkel-fosfórböndu og verður ekki fyrir áhrifum af segulsviðum. Gangverkið er með fínstilltri Parachrom-spirálfjöður sem er framleidd af Rolex úr meðseglandi böndu sem gerir hana allt að 10 sinnum nákvæmari en hefðbundin spirálfjöður við högg. Bláa Parachrom-spirálfjöðurin er útbúin með Rolex yfirspólu sem tryggir nákvæmni verkgerðarinnar sama hvernig hún snýr. Sveifluverkið er sett á hágæða Paraflex-höggvörn sem er varin með einkaleyfum og hönnuð af Rolex og bætir höggþol gangverksins. Verkgerð 3230 er með sjálftrekkjandi vindu í gegnum Perpetual-sjálfvindulóð. Þökk sé tunnulögun gangverksins og framúrskarandi virkni deiliverksins endist hleðsluforði verkgerðar 3230 í um það bil 70 klukkustundir.

Meira tæknileg ítaratriði

Air-King

Tilvísunarnúmer 126900

Úrkassi módels

Gerð

Oyster, 40 mm, Oystersteel stál

Þvermál

40 mm

Efni

Oystersteel stál

Hringur

Sléttur

Oyster hönnun

Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

Trekkjari

Skrúfuð niður, Twinlock tvöfalt vatnsvarnarkerfi

Gler

Safír með rispuvörn

Vatnspéttni

Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

Gangverk

Gerð

Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

Verkgerð

3230, framleiðandi Rolex

Nákvæmni

-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

Sveiflugjafi

Meðseglandi blá Parachrom óróafjöður. Hágæða Paraflex höggdeyfar

Trekkja

Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

Hleðsluforði

U.þ.b. 70 klukkustundir

Armband

Gerð

Oyster, þriggja hluta gegnheilir hlekkir

Lás

Oysterlock öryggislás sem leggst saman með 5 mm þægilegum Easylink hlekk til lengingar

Efni í armbandi

Oystersteel stál

Skífa

Gerð

Svört

Ítaratriði

Læsilegur Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

Vottun

Gerð

Superlative Chronometer (COSC + Rolex vottun eftir umgjörð)

Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki,
þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir
og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita
nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex
áskilur sér réttinn til að breyta
módelunum sem eru sýnd á
vefsvæðinu.

